



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA

ICELANDIC TOURISM
RESEARCH CENTRE

RANNSÓKNIR & RÁÐGJÖF
FERÐAÞJÓNUSTUNNAR



NORRÆNUFARÞEGAR Á VEGUM LANDSINS 1996-2025

SAMANBURÐUR VIÐ FLUGFARÞEGA

RÖGNVALDUR GUÐMUNDSSON
ÁSA MARTA SVEINSDÓTTIR
ÞÓRNÝ BARDADÓTTIR
EYRÚN JENNÝ BJARNADÓTTIR
2026

© Rannsóknamiðstöð ferðamála og Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar ehf 2026

Útgefandi: Rannsóknamiðstöð ferðamála, Borgum v/ Norðurslóð, IS-600 Akureyri
Rafpóstur: rmf@rmf.is
Veffang: www.rmfi.is

Titill: Norrænufarþegar á vegum landsins 1996-2025: Samanburður við flugfarþega
Höfundar: Rögnvaldur Guðmundsson, Ása Marta Sveinsdóttir, Þórný Barðadóttir og Eyrún Jenný Bjarnadóttir

Kápa: Rannsóknamiðstöð ferðamála

Númer: RMF-S-03-2026
ISBN: 978-9935-505-38-5
ISSN: 1670-8857

Forsíðumynd: Norræna á Seyðisfirði ©Guðný Hrund Karlsdóttir

Öll réttindi áskilin. Samantekt þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

Verkefnið var styrkt af Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar. Höfundar skýrslunnar bera ábyrgð á innihaldi hennar. Niðurstöður hennar ber ekki að túlka sem yfirlýsta stefnu Vegagerðarinnar eða álit þeirra stofnana eða fyrirtækja sem höfundar starfa hjá.

EFNISYFIRLIT

MYNDASKRÁ.....	3
TÖFLUSKRÁ.....	4
INNGANGUR.....	5
FRAMKVÆMD OG GREINING GAGNA	6
NÍÐURSTÖÐUR KÖNNUNAR 2025.....	7
UPPLÝSINGAR UM SVARENDUR	7
FERÐAFÉLAGAR	7
TILGANGUR FERÐAR	8
DVALARLENGD.....	8
UPPLÝSINGAR FYRIR FERÐ	9
FERÐAMÁTI.....	10
GISTIMÁTI	10
STAÐIR HEIMSÓTTIR	11
AFÞREYING.....	12
HRINGVEGURINN.....	13
FERÐAMANNALEIÐIR.....	13
MAT OG UPPLÝSINGAR Á VEGAKERFI.....	14
SAMANBURÐUR FYRRI KANNANA RRF.....	15
UPPLÝSINGAÖFLUN FYRIR ÍSLANDSFERÐ	15
STAÐIR HEIMSÓTTIR	16
KOMUR Á SUÐURHLUTA VESTFJARÐA, NORÐAUSTURHORNÍÐ OG SEX VIÐMIÐUNARSTAÐI	18
SAMANBURÐUR Á NORRÆNU- OG FLUGFARÞEGUM	19
ALDUR OG BÚSETA	19
UPPLÝSINGAÖFLUN FYRIR FERÐ	19
ENDURKOMUGESTIR	20
MEÐALDVÖL Á ÍSLANDI	20
FERÐAMYNSTUR Á ÍSLANDI	21

KOMUR Á SUÐURHLUTA VESTFJARÐA OG NORÐAUSTURHORNÍÐ	22
FARARTÆKI OG AKSTUR Á ÍSLANDI	23
ÁLIT Á VEGUM OG MERKINGUM VIÐ VEGI	23
UMRÆÐUR.....	25
HEIMILDASKRÁ.....	27

MYNDASKRÁ

Mynd 1: Norræna á Seyðisfirði.....	5
Mynd 2: Norræna á Seyðisfirði.....	5
Mynd 3: Þórný frá RMF umkringd Norrænufarþegum á mótörhjólum.....	6
Mynd 4: Rögnvaldur frá RRF að störfum.....	6
Mynd 5: Ferðafélagar.....	7
Mynd 6: Tilgangur ferðalags.....	8
Mynd 7: Dvalarlengd.....	8
Mynd 8: Upplýsingaöflun fyrir ferð.....	9
Mynd 9: Ferðamáti.....	10
Mynd 10: Gistimáti.....	10
Mynd 11: Upplifun og afþreying.....	12
Mynd 12: Vitneskja um Hringveginn.....	13
Mynd 13: Vitneskja um Hringveginn.....	13
Mynd 14: Ferðalag um Hringveginn.....	13
Mynd 15: Hverju þarf að draga úr eða losna við á vegum landsins.....	14
Mynd 16: Vitneskja um heimasíðu Vegagerðarinnar.....	14
Mynd 17: Upplýsingaöflun fyrir ferð 1996-2025.....	15
Mynd 18: Svæði heimsótt 1996-2025.....	16
Mynd 19: Gisting 2009-2025.....	17
Mynd 20: Meðaldvalarlengd 2009-2025.....	17
Mynd 21: Komur á suðurhluta Vestfjarða, norðausturhornið og sex viðmiðunarstaði 1996-2025.....	18
Mynd 22: Hvar aflað upplýsinga um Ísland fyrir ferð 2015.....	19
Mynd 23: Upplýsinga aflað í ferðahandbókum 1996-2025.....	19
Mynd 24: Upplýsinga aflað á internetinu 1996-2025.....	20
Mynd 25: Upplýsinga aflað hjá vinum/ættingjum 1996-2025.....	20
Mynd 26: Hlutfall þeirra sem höfðu komið áður til Íslands 1996-2025. Tölur um flugfarþega 2025 eru fengnar frá landamærakönnun (Ferðamálastofa, 2026).....	20
Mynd 27: Meðaldvöl á Íslandi 1996-2025. Tölur um dvalarlengd flugfarþega 2025 eru fengnar frá landamærakönnun (Ferðamálastofa, 2026).....	21
Mynd 28: Komur eftir landshlutum sumrar 2015.....	21

Mynd 29: Komur á suðurhluta Vestfjarða og norðausturhornið sumrar 2015.....	22
Mynd 30: Komur á suðurhluta Vestfjarða, norðausturhornið og sex viðmiðunarstaði sumrar 2015.....	22
Mynd 31: Akstur á Íslandi 2009-2025.....	23
Mynd 32: Álit á ástandi vega 1996-2015.....	23
Mynd 33: Álit á merkingum við vegi 1996-2015.....	24

TÖFLUSKRÁ

Tafla 1: Staðir heimsóttir á ferðalagi um landið 11

INNGANGUR

Í þessari skýrslu verða kynntar niðurstöður verkefnisins *Norrænufarþegar á vegum landsins 1996-2025* sem Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar (RRF) vann í samstarfi við Rannsóknamiðstöð ferðamála (RMF) og styrkt var af Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar.

Í skýrslunni verður greint frá nokkrum þáttum í ferðum erlendra farþega með ferjunni Norrænu á Seyðisfirði um Ísland á áðurnefndu 30 ára tímabili. Þar verður mest byggt á könnunum RRF meðal farþega með ferjunni. Í fyrri hluta verður greint frá niðurstöðum *Dear Visitors* könnunar RRF meðal Norrænufarþega sumarið 2025, sem framkvæmd var í samstarfi við RMF. Í seinni hluta verða þær niðurstöður bornar saman við kannanir RRF meðal farþega með Norrænu árið 1996, 2003, 2009 og 2015, og einnig nokkuð árin 1998, 2010, 2011 og 2012.

Þannig verður gerður samanburður á ferjufarþegum og flugfarþegum á þessu tímabili hvað varðar dvalarlengd á Íslandi, upplýsingaöflun um Ísland fyrir ferð, hvort þeir hafi komið áður til Íslands, ferðamynstur og álit á vegakerfinu. Þá verður sérstaklega borin saman koma ferjufarþega og flugfarþega á tvö minna sótt svæði á landinu og staði þar, annars vegar á norðausturhorninu (Kópasker, Raufarhöfn, Þórshöfn) og hins vegar á suðurhluta Vestfjarða (Látrabjarg, Patreksfjörður, Tálknafjörður, Bíldudalur).

Ferjusiglingar með farþega og bíla til Seyðisfjarðar frá Færeyjum hófust 14. júní 1975 þegar færeyska bílferjan Smyrill kom þangað með 47 farþega og 10 bíla. Ferjan gat borið um 100 bíla og yfir 400 farþega. Smyrill þjónaði siglingum til Seyðisfjarðar til ársins 1982. Síðasta ár Smyrils komu 4.400 erlendir ferðamenn með ferjunni af 76.000 ferðamönnum til Íslands, eða nær 6% allra ferðamanna það ár. Árið 1983 var Smyrli skipt út fyrir stærra skip sem fékk nafnið Norröna (ísl. Norræna) sem tók um 250 bíla og 1.050 farþega. Við það jókst fjöldi erlendra ferðamanna til Seyðisfjarðar að jafnaði í 6-8000 farþega á ári, eða 3-4% ferðamanna til Íslands. Nýja Norræna (Mynd 1), sem enn er í notkun, var nýsmíði. Hún tekur allt að 1.500 farþega og 800 bíla (Tíminn 17/6 1975; Guðmundur Sæmundsson, 1998; Þorvarður Jóhannsson, 1925).

Á síðustu 3-4 árum hafa 18-19.000 erlendir farþegar komið árlega með Norrænu til Íslands eða tæplega 1% ferðamanna til Íslands. Þannig hefur hlutfall erlendra ferðamanna með bílferju til Seyðisfjarðar lækkað úr nær 6% árið 1982 í um 1% á síðustu árum. Þrátt fyrir það skipta ferðamenn með Norrænu ferðaþjónustu á Íslandi enn máli, einkum ferðaþjónustu á Austurlandi og á minna sóttum stöðum á landsbyggðinni. Farþegar með Norrænu koma langflestir með eigin ökutæki og hafa þannig aukið svigrúm til að ferðast innanlands. Vegakerfið gegnir þar mikilvægu hlutverki með því að tengja saman landshluta og stuðla þannig að dreifingu ferðamanna um landið.

Þess má geta að hlutfall Íslendinga af farþegum Smyrils fór mest í um 30% árið 1978, var 20-25% með Norrænu árið 2001-2005 en hefur lækkað um 10% á síðustu árum.



Mynd 1: Norræna á Seyðisfirði.

FRAMKVÆMD OG GREINING GAGNA

Könnunin sumarið 2025 var framkvæmd við Seyðisfjarðarhöfn þann 17. júlí og lögð fyrir ferjufarþega við brottför.

Spurningalistinn sem notaður var í rannsókninni byggir á Dear visitors könnun RRF en auk þess var nokkrum nýjum spurningum bætt við um ferðamannaleiðir og vegakerfi. Spurningalistinn var á fimm tungumálum: íslensku, ensku, þýsku, frönsku og spænsku. Leitast var við að fá fram:

- Lýðfræðilegar upplýsingar
- Upplýsingar um undirbúning og vitneskju fyrir ferð
- Upplýsingar um ferðatilhögun, heimsótt svæði, athafnir og dvalarlengd
- Vitneskju um og notkun ferðamannaleiða
- Upplifun af og viðhorf til vegakerfis, ásamt vitneskju um og notkun vegaupplýsinga

Könnunin var lögð fyrir á pappír í formi spurningalista sem svarendur fylltu út. Gagnasöfnun var í höndum RMF og RRF sem báðu ferðamenn um að svara könnuninni á staðnum (mynd 2 og 3). Þátttaka var bæði valkvæð og nafnlaus og eru svör ekki rekjanleg til einstakra þátttakenda.


Aðstæður á vettvangi voru góðar. Veðrið var gott sem gerði það að verkum að auðveldara var að fá ferðamenn til þátttöku. Gagnasöfnun gekk almennt vel og fengust svör frá um 122 ferðamönnum í gagnaöflunar ferðinni.



Mynd 4: Rögnvaldur frá RRF að störfum



Mynd 3: Þórný frá RMF umkringd Norrænufarþegum á mótorhjólum.



Mynd 4: Bakgrunnur svarenda

NIÐURSTÖÐUR KÖNNUNAR 2025

UPPLÝSINGAR UM SVARENDUR

Alls svöruðu 122 einstaklingar könnuninni. Karlar voru í meirihluta svarenda (60%) en konur 40%. Aldurssamsetning var þannig að rúmur helmingur svarenda var 56 ára og eldri (55%), 30% voru á aldrinum 36–55 ára og 15% voru 35 ára og yngri. Svarendahópurinn er því að stærstum hluta skipaður eldri einstaklingum.


Hvað varðar lengd framhaldsnáms höfðu 31% stundað nám skemur en fjögur ár og önnur 31% í 4–8 ár en 37% höfðu lokið námi sem stóð lengur en átta ár. Dreifingin bendir til þess að hlutfallslega stór hluti svarenda hafi að baki langa menntun.

Meðal svarenda var stærsti búsetuhópurinn frá Þýskalandi (56%) og flestir svarendur tilheyrðu markaðssvæðum Mið-Evrópu (69%).

Meirihluti svarenda (63%) hafði ekki komið áður til Íslands og langflestir skipulögðu ferðina á eigin vegum (94%) en aðeins 6% sögðust hafa skipulagt hana að hluta með aðstoð annarra. Þetta bendir til þess að svarendur séu að mestu sjálfstæðir ferðalangar og að stór hluti þeirra sé að heimsækja svæðið í fyrsta sinn.

FERÐAFÉLAGAR

Spurning: Með hverjum ferðaðist þú um Ísland? Fjöldi svarenda: 122




Mynd 5: Ferðafélagar

Flestir svarendur ferðuðust með maka, eða 54%. Næstalgengast var að ferðast einn en 16% sögðust hafa verið einir á ferð. Jafnstór hópur, 13%, ferðaðist annars vegar með börnum og hins vegar með vinum. Færri voru á ferð með öðrum ættingjum (3%) og einungis 1% svarenda var á ferð með vinnufélögum.

TILGANGUR FERÐAR

Spurning: Hver er tilgangur ferðalagsins til Íslands? Fjöldi svara: 122




Mynd 6: Tilgangur ferðalags

Þegar litið er til tilgangs ferðar kemur skýrt fram að langflestir voru í frí, eða 94% svarenda. Einungis 4% voru í heimsókn, 1% í viðskiptaerindum og 1% vegna hvataferðar eða viðburða. Niðurstöðurnar benda til þess að meirihluti svarenda hafi verið í hefðbundnu frí með maka eða nánustu fjölskyldu, á meðan hlutfallslega færri ferðuðust í stærri hópum eða í tengslum við vinnu.

DVALARLENGD

Spurning: Hvað dvaldir þú í margar nætur á Íslandi? Fjöldi svara: 122




Mynd 7: Dvalarlengd

Dvalartími svarenda reynist mun lengri en það meðaltal sem fram kemur í brottfarakönnun Ferðamálastofu (Ferðamálastofa, 2026). Að meðaltali dvöldu svarendur 21 nótt á Íslandi. Til samanburðar sýnir brottfarakönnun Ferðamálastofu að ferðamenn sem fara um Keflavíkurflugvöll dvelja að jafnaði 7,1 nótt á landinu (Ferðamálastofa, 2026). Dvalartími þessa hóps er því rúmlega tvöfalt lengri en almennt gerist meðal sumarferðamanna sem ferðast með flugi um Keflavík.

Dreifing gistináttu undirstrikar þetta enn frekar. Einungis 11% svarenda dvöldu í viku eða skemur (≤ 7 nætur). Um þriðjungur (34%) dvaldi í 8–14 nætur og 21% í 15–21 nótt. Jafnframt dvaldi stór hluti, eða 34%, í 22 nætur eða lengur. Það þýðir að 89% svarenda dvöldu lengur en eina viku og rúmlega helmingur (55%) í þrjár vikur eða lengur.

UPPLÝSINGAR FYRIR FERÐ

Spurning: Leitaðir þú þér upplýsinga um Ísland fyrir ferð? Ef já, hvar leitaðir þú þér upplýsinga? Fjöldi svara: 122



Mynd 8: Upplýsingaöflun fyrir ferð

Nær allir svarendur, eða 97%, höfðu aflað sér upplýsinga um Ísland fyrir ferðina. Algengast var að leita upplýsinga á Google (74%) og í ferðabókum (76%). Þetta sýnir að bæði almennar leitarvélar og hefðbundið prentað eða útgefið efni gegna áfram veigamiklu hlutverki í undirbúningi ferða. Um þriðjungur svarenda nýtti upplýsingar frá vinum eða ættingjum (34%) og jafnstór hópur skoðaði vefinn visiticeland.com (34%).

Talsverður hluti svarenda aflaði sér einnig upplýsinga í gegnum fjölmiðla og annað efni. Um 29% nefndu íslenskar kvikmyndir eða heimildabætti, 23% sjónvarp eða útvarp og


21% greinar í blöðum eða tímaritum. Wikipedia var notuð af 18% svarenda og TripAdvisor af 9%, á meðan 8% sögðust hafa kynnt sér Íslendingasögur.

Niðurstöðurnar benda til þess að undirbúningur ferðarinnar byggist á fjölbreyttum heimildum þar sem stafrænir miðlar og hefðbundnar upplýsingaveitur fara saman, ásamt persónulegum ráðleggingum og menningarlegu efni.

Rétt er að hafa í huga að heimilt var að velja fleiri en einn svarmöguleika og því er samanlagt hlutfall svara yfir 100%.

FERÐAMÁTI

Spurning: Hvaða ferðamáta notaðir þú á Íslandi? Hvað ókst þú marga kílómetra á eigin bíl/bílaleigubíl? Fjöldi svara: 122



Mynd 9: Ferðamáti

Langflestir svarendur ferðuðust um landið á eigin bíl, eða um 75%. Um fimmtungur ferðaðist á mótorhjól (21%), á meðan einungis 2% nýttu bílaleigubíl eða reiðhjól. Hópbírfreið var afar sjaldgæfur ferðamáti (um 1%) og 2% nefndu aðra ferðamáta. Niðurstöðurnar sýna því skýrt að mikill meirihluti svarenda ferðaðist sjálfstætt og hafði eigið farartæki til umráða.


Verulegur munur var á eknum kílómetrum eftir því hvort ferðast var á eigin bíl eða bílaleigubíl. Þeir sem voru á bílaleigubíl keyrðu að jafnaði um 1.600 km. Í þeim hópi var dreifing lítil þar sem svörin voru fá. Meðal þeirra sem ferðuðust á eigin bíl var meðalakstur um 3.440 km. Stysti akstur í þeim hópi var 800 km en sá lengsti 8.700 km, sem bendir til mikillar dreifingar í ferðamynstri.

Niðurstöður benda til þess að erlendir Norrænufarþegar ferðist umtalsvert um landið og leggi að baki langar vegalengdir, einkum þeir sem koma á eigin ökutæki.

Heimilt var að merkja við fleiri en einn valmöguleika og því er samanlagt hlutfall svara yfir 100%.

GISTIMÁTI

Spurning: Hvaða tegund gistingar notaðir þú í þessari ferð á Íslandi? Skrifðu fjölda gistinátta við hverja tegund gistingar. Fjöldi svara: 196



Mynd 10: Gistimáti

Algengasta gistingin meðal svarenda var á tjaldsvæðum en um 75% svarenda sögðust hafa gist á tjaldsvæði einhvern hluta ferðarinnar. Næstalgengast var að gista á hótélum eða gistiheimilum, sem um 32% svarenda nýttu. Þá sögðust um 24% hafa nýtt íbúðagistingu og um 20% aðra tegund gistingar. Heimilt var að merkja við fleiri en einn gistimáta, þar sem margir ferðamenn nýta fleiri en eina tegund gistingar á ferð sinni. Af þeim sökum er samanlagt hlutfall svara yfir 100%.

Meðalfjöldi gistinátta var lengst á tjaldsvæðum, þar sem ferðamenn dvöldu að jafnaði 15,8 nætur og miðgildi var 14 nætur. Dvöl á hótélum og gistiheimilum var að jafnaði styttri, eða um 3,6 nætur að meðaltali, og miðgildi var 4 nætur. Meðaldvöl í íbúðagistingu var 1,9 nætur og í annarri gistingu um 2,1 nótt. Miðgildi í þessum flokkum var 0 nætur, sem endurspeglar að aðeins hluti svarenda nýtti þessa gistimöguleika.

Niðurstöður benda til þess að tjaldsvæði gegna lykilhlutverki í gistingu fyrir þennan hóp ferðamanna, sérstaklega í lengri ferðum um landið, á meðan aðrir gistimátar eru oftast nýttir í styttri tíma eða sem viðbót við aðra gistingu í ferðinni.

STAÐIR HEIMSÓTTIR

Spurning: Merktu við þá staði sem þú heimsóttir á ferðalagi þínu um landið (Kort af Íslandi). Fjöldi svara: 122

Tafla 1: Staðir heimsóttir á ferðalagi um landið

Höfuðborg og Reykjanes		Vesturland		Vestfirðir		Norðurland			Austurland		Suðurland				
Reykjavík	79%	Akranes	21%	Látrabjarg	27%	Hvammstangi	32%	Grímsey	1%	Vopnafjörður	27%	Höfn	75%	Vestmannaeyjar	25%
Bláa lónið	15%	Borgarnes	49%	Patreksfjörður	28%	Hvítserkur	14%	Sprengisandur	11%	Möðrudalur	21%	Jökulsárlón	67%	Hella	42%
Grindavík	50%	Reykholt	26%	Tálknafjörður	12%	Blönduós	34%	Nýidalur	6%	Borgarfj. eystri	39%	Fjallsárlón	63%	Þykkvibær	5%
Krýsuvík	27%	Húsafell	24%	Bíldudalur	16%	Skagatrönd	20%	Laugafell	14%	Seyðisfjörður	99%	Skaptafell	67%	Þjorsárdalur	8%
Sandgerði	15%	Kaldidalur	8%	Dynjandi	37%	Hveravellir	30%	Aldeyjarfoss	8%	Egilsstaðir	77%	Kirkjubæjarklaustur	42%	Hekla	9%
Garður	15%	Arnarstapi/Hellnar	43%	Þingeyri	24%	Kjölur	29%	Goðafoss	71%	Hengifoss	43%	Vík	73%	Flúðir	28%
Keflavík/Reykjanesbær	19%	Snæfellsjökulsþjóðgarður	54%	Flateyri	18%	Sauðárkrúkur	32%	Húsavík	61%	Skriðuklaustur	10%	Reynisfjara	59%	Gullfoss	74%
		Rif/Hellissandur	38%	Suðureyri	13%	Varmahlíð	19%	Mývatn	70%	Neskaupstaður	10%	Dyrhólaey	42%	Geysir	74%
		Ólafsvík	34%	Bolungarvík	17%	Hólar	16%	Dettifoss	73%	Eskifjörður	24%	Fjallabak nyrðra	22%	Skálholt	13%
		Grundarfjörður	35%	Ísafjörður	34%	Hofsós	22%	Ásbyrgi	47%	Reyðarfjörður	33%	Hrauneyjar	7%	Laugarvatn	37%
		Stykkishólmur	29%	Súðavík	22%	Siglufjörður	32%	Kópasker	27%	Fáskrúðsfjörður	23%	Landmannalaugar	28%	Selfoss	65%
		Búðardalur	25%	Hornstrandir	5%	Ólafsfjörður	31%	Askja	9%	Stöðvarfjörður	27%	DC flugvélarflak	12%	Hveragerði	21%
		Reykhólar	21%	Norðurfjörður	10%	Dalvík	28%	Kverkfjöll	3%	Breiðdalsvík	28%	Skógarfoss	53%	Reykjadalur böð	20%
		Flatey	8%	Gjögur	7%	Akureyri	78%	Raufarh./Heimskautsgerði	25%	Djúpivogur	54%	Seljalandsfoss	41%	Stokkseyri	14%
				Drangsnæs	24%	Grenivík	14%	Þórshöfn	27%	Snæfell	16%	Þórsmörk	16%	Eyrbakki	6%
				Hólmavík	29%	Hrísey	5%	Bakkafjörður	26%	Hálendið	51%	Hvolsvöllur	18%	Þorlákshöfn	7%
														Þingvellir	53%


Tafla 1 sýnir þá staði sem svarendur heimsóttu á ferðalagi sínu um landið. Niðurstöðurnar endurspeglar vel það mynstur sem þekkt er um dreifingu ferðamanna á Íslandi. Sérstaklega má nefna Suðurland og Norðurland, þar sem helstu áfangastaðir eru vel heimsóttir. Austurland og nærliggjandi svæði við Seyðisfjörð sjást einnig greinilega í ferðamynstrinu, sem kemur ekki á óvart, en stór hluti svarenda ferðast jafnframt víðar um landið. Til dæmis heimsóttu 75% svarenda Reykjavík og 50% Grindavík. Einnig má sjá að töluverður fjöldi svarenda leggur leið sína til Vesturlands og

Vestfjarða, þar sem nær helmingur heimsækir Snæfellsjökulsþjóðgarð og 37% fóru að Dynjanda.

Þar að auki er hálendið vinsæll áfangastaður meðal svarenda en um 51% heimsóttu staði þar. Þessar niðurstöður sýna að ferðamenn ferðast víða um landið og heimsækja bæði helstu áfangastaði og afskekktari svæði.

AFÞREYING

Spurning: Merktu við allt sem þú upplifðir eða gerðir á meðan þú dvaldir á Íslandi. Fjöldi svara: 122



Mynd 11: Upplifun og afþreying


Algengast var að svarendur stunduðu ljósmyndun en um 83% nefndu það sem hluta af upplifun sinni í ferðinni. Einnig sögðust margir hafa heimsótt sögustaði (67%) og farið í fuglaskoðun (64%). Nokkuð stór hluti svarenda tók einnig þátt í hvalaskoðun (56%) og heimsóttu sundlaugar (55%). Um helmingur svarenda heimsótti söfn eða sýningar (52%) og kirkjur (50%).

Af öðrum afþreyingarmöguleikum má nefna selaskoðun (43%) og heimsókn á upplýsingamiðstöðvar (40%). Hlutfallslega færri tóku þátt í löngum gönguferðum (20%) eða hestaferðum (15%). Þá voru jöklaferðir eða snjósleðaferðir (9%), jöklagöngur (11%) og jeppaferðir (3%) sjaldgæfari meðal svarenda.


Niðurstöðurnar benda til þess að erlendir ferðamenn með Norrænu sækist einkum eftir náttúruupplifun og skoðunarferðum, þar sem ljósmyndun, dýralíf og heimsóknir á sögulega staði skipa stóran sess í ferðinni. Heimilt var að merkja við fleiri en einn valmöguleika og því fer samanlagt hlutfall svara yfir 100%.

HRINGVEGURINN

Spurningar: Vissir þú af Hringveginum áður en þú komst til landsins? Hafði Hringvegurinn áhrif á ákvörðun þína um að heimsækja Ísland? Ferðaðist þú eftir Hringveginum í þessari ferð? Fórstu allan hringinn um Hringveginn? Hvaða einkunn myndir þú gefa Hringveginum á kvarðanum 1–10? 10 er hæsta einkunn Fjöldi svara: 115



Mynd 12: Vitneskja um Hringveginn



Mynd 13: Ferðalag um Hringveginn

Stór hluti svarenda þekkti Hringveginn áður en hann kom til landsins, en um 83% sögðust hafa vitað af Hringveginum fyrir Íslandsferðina. Þá sögðust 40% að Hringvegurinn hefði haft áhrif á ákvörðun þeirra um að heimsækja landið.

Þegar litið er til ferðalaga á Hringveginum kom fram að meirihluti svarenda ferðaðist allan hringinn (1330 km), eða um 72%. Um 17% ferðuðust stærstan hluta leiðarinnar en 12% hluta hennar.


Þetta bendir til þess að Hringvegurinn sé algeng leið til að ferðast um landið og gegni mikilvægu hlutverki í skipulagningu ferðalaga.

Þeir svarendur sem fóru allan hringinn voru beðnir um að meta upplifun sína af Hringveginum á kvarðanum 1–10, þar sem 10 var hæsta einkunn. Meðaleinkunn var **8,1**, og miðgildi 8, sem bendir til þess að ferðamenn hafi almennt mjög jákvæða upplifun af ferðalagi sínu um Hringveginn.

FERÐAMANNALEIÐIR


Spurning: Hefur þú heyrt um eftirfarandi ferðamannaleið á Íslandi? Ef já, fórst þú þær? Að hlut eða alla leið? Fjöldi svara: 122

Gullni hringurinn var þekktasta leiðin, en um 87% svarenda sögðust þekkja hana. Næst var Vestfjarðaleið (51%), því næst Norðurstrandarleið (48%), en færri þekktu Kjölur (35%), Sprengisand (31%) og Eldfjalla- leið (23%).




Mynd 14: Ferðalag um Hringveginn

Gullni hringurinn var sú leið sem flestir ferðuðust nákvæmlega eftir. Um 40% svarenda fóru alla leiðina. Á öðrum leiðum virðist ferðamynstrið vera nokkuð öðruvísi. Af þeim svarendum sem þekktu til Eldfjalla- leiðar fór 95% hluta leiðar en einungis 3% alla leiðina. Hlutfallið var svipað fyrir Norðurstrandaleið en fyrir Vestfjarðaleið fór 39% hluta hennar á meðan um helmingur fór hana ekki. Enn færri fóru um Sprengisand og Kjöl.



MAT OG UPPLÝSINGAR Á VEGAKERFI


Spurning: Hvað af eftirfarandi telur þú mikilvægt að draga úr eða losna við á íslenskum vegum? Fjöldi svara: 122



Mynd 15: Hverju þarf að draga úr eða losna við á vegum landsins

Algengast var að svarendur merktu við malarvegi, en um 60% töldu mikilvægt að draga úr þeim. Einnig taldi nokkuð stór hluti svarenda mikilvægt að draga úr mjóum vegköntum. Þá töldu sumir svarendur að bæði hraður og hægur akstur væri vandamál sem þyrfti að draga úr.

Spurning: Þekkir þú umferðin.is? Ef já, heimsóttir þú heimasíðuna á meðan þú ferðaðist um landið? Ef já, notaðir þú „Ástand vega og veður“? Fjöldi svara: 122



Mynd 16: Vitneskja um heimasíðu Vegagerðarinnar

Niðurstöður spurningarinnar um vefsíðu Vegagerðarinnar sýna að 64% svarenda þekktu til umferðin.is. Af þeim höfðu 59% heimsótt vefsíðuna í ferð sinni um landið og 51% hafa skoðað sérstaklega upplýsingar um ástand vega og veður. Þetta bendir til þess að yfir helmingur Norrænufarþega nýti sér opinberar upplýsingar um aðstæður á vegum. Þess má þó geta að þessi hópur ferðaðist um landið yfir sumartímann, þegar ástand vega er almennt betra en á öðrum árstímum.

SAMANBURÐUR FYRRI KANNANA RRF

RRF hefur á árabílinu 1991-2020 framkvæmt könnunina Dear Visitors meðal erlendra ferðamanna á Íslandi og fram til 2015 meðal Norrænufarþega. Hér verða gögn frá árunum 1996, 2003, 2009 og 2015 sem aflað var meðal farþega Norrænu borin saman við gögn könnunarinnar 2025.


UPPLÝSINGAÖFLUN FYRIR ÍSLANDSFERÐ

Spurning: Leitaðir þú þér upplýsinga um Ísland fyrir ferð? Ef já, hvar leitaðir þú þér upplýsinga?

Þegar litið er til þess hvar ferðamenn leituðu sér upplýsinga (Mynd 17) má sjá skýrar breytingar milli ára en jafnframt ákveðna þætti sem halda stöðu sinni. Áhugavert er að sjá að vinir, ættingjar og aðrir ferðamenn eru áfram mikilvæg uppspretta upplýsinga; hlutfallið var 34% árið 2025 samanborið við 43% árið 2015, 39% árið 2009, 42% árið 2003 og 33% árið 1996. Þetta bendir til þess að persónulegar ráðleggingar hafi stöðugt vægi í undirbúningi ferða.

Einnig er áhugavert að sjá að ferðabækur halda áfram mikilvægu hlutverki. Árið 2025 nýttu 76% svarenda ferðabækur, samanborið við 82% árið 2015, 83% árið 2009, 73% árið 2003 og 55% árið 1996. Þetta sýnir að hefðbundið prentað eða útgefið efni hefur ekki vikið fyrir stafrænum miðlum, heldur viðhaldið sterkri stöðu samhliða þeim.

Svarmöguleikarnir Google frá könnun árið 2025, Trip advisor og Wikipedia frá árunum 2015 og 2025 voru sameinaðir við svarmöguleikann Internetið hér. Rétt er að hafa í huga að heimilt var að velja fleiri en einn svarmöguleika og því er samanlagt hlutfall svara er yfir 100%.



Mynd 17: Upplýsingaöflun fyrir ferð 1996-2025

STAÐIR HEIMSÓTTIR

Spurning: Settu hak í „já“-reitinn við þau svæði sem þú heimsóttir og skráðu fjölda náttu í reitinn fyrir neðan ef þú gistir á svæðinu (Kort af Íslandi)


Grafið (Mynd 18) sýnir hlutfall svarenda sem heimsóttu mismunandi landshluta á árunum 1996, 2003, 2009, 2015 og 2025. Heildarmyndin gefur til kynna að ferðamenn ferðast vítt og dreift um landið og heimsækja að jafnaði marga landshluta í ferð sinni um Ísland.

Á ákveðnum svæðum er heimsóknarhlutfall stöðugt yfir tímabilin. Þetta á sérstaklega við um Múlasýslur, Eyjafjörð, Þingeyjasýslur, Austur og Vestur Skaftafellssýslur, Árnes og Rangárvallasýslur, sem virðast vera fastir viðkomustaðir í ferðum svarenda.


Á Vestfjörðum og á Ströndum má sjá aukningu í heimsóknnum eftir 2009, sem bendir til aukins áhuga á þessum svæðum á síðari árum.

Hlutfall svarenda sem heimsækja hálendið virðist hafa lækkað á undanförunum árum, eftir að hafa verið hærra á fyrri mælingum. Á sama tíma hefur hlutfall þeirra sem heimsækja Reykjavík einnig farið lækkandi yfir tímabilið.

Að öðru leyti sýna niðurstöðurnar að ferðamynstur Norrænufarþega einkennist af góðri dreifingu um landið, þar sem margir staðir eru heimsóttir í sömu ferð fremur en að ferð beinist að einu afmörkuðu svæði.



Mynd 18: Svæði heimsótt 1996-2025




Mynd 19: Gisting 2009-2025

Gisting hefur aukist á mörgum svæðum landsins, einkum í Dölum, Húnaþingi, Skagafirði, á hálendinu og á Ströndum. Þróunin bendir til aukinnar dreifingar ferðamanna um landið og að fleiri áfangastaðir utan hefðbundinna kjarnasvæða séu að festa sig í sessi. Hlutfall gistingar er hátt í Múlasýslum, Þingeyjasýslum, Eyjafirði, Árnes- og Rangárvallasýslum, sem og á Vestur- og Austur-Skaftafellssýslum, þar sem á bilinu 75–95% þeirra sem heimsækja svæðin gista.


Þótt Reykjavík sé áfram einn mest heimsótti áfangastaður landsins hefur hlutfall Norrænufarþega sem gista þar lækkað. Þeir sem gista þar virðast þó gista lengi en meðaldvalarlengd mælist þar um 3 nætur (Mynd 20) og hefur lengst milli ára. Það á einnig við á fleiri stöðum í kringum landið þannig ferðamenn virðast dvelja lengur á sama stað en áður.

Ekki eru til gögn frá árunum 1996 og 2003 til samanburðar.



Mynd 20: Meðaldvalarlengd 2009-2025

KOMUR Á SUÐURHLUTA VESTFJARÐA, NORÐAUSTURHORNINÐ OG SEX VIÐMIÐUNARSTAÐI



Mynd 21: Komur á suðurhluta Vestfjarða, norðausturhornið og sex viðmiðunarstaði 1996-2025.

Á mynd 21 má sjá samanburð á komum Norrænufarþega eftir árum á staði á suðurhluta Vestfjarða og á norðaustur horni landsins, þ.e. minna sótt og fremur afskekkt svæði. Til samanburðar eru sýndar komur á sex staði á landinu; Reykjavík, Snæfellsnes, Húsavík, Höfn í Hornafirði, Jökulsárlón og Dyrhólaey. Mikil hlutfallsleg aukning hefur orðið á Norrænufarþegum á Kópaskeri, Raufarhöfn og Þórshöfn ef 2025 er borið saman við fyrri ár, mögulega að hluta til vegna tilkomu Heimskaupsgerðisins. Einnig má sjá verulega aukningu við Látrabjarg og á Patreksfirði. Á sama tíma sýna gögn að hlutfall Norrænufarþega sem heimsækja Reykjavík fer talsvert lækkandi.

SAMANBURÐUR Á NORRÆNU- OG FLUGFARÞEGUM

ALDUR OG BÚSETA


Árin 1996 og 1998 var meðalaldur Norrænufarþega og flugfarþega svipaður í könnunum RRF, eða 42-43 ár. Síðan þá hefur meðalaldur Norrænufarþega verið talsvert hærri, eða 47-52 ár en flugfarþega í kringum 40 ár. Þetta bendir sterklega til þess að þroskaðir og reyndir ferðamenn séu talsvert stærra hlutfall meðal ferjufarþega en flugfarþega.

Þar sem Norræna siglir nú einungis á milli Danmerkur, Færeyja og Íslands er samsetning ferjufarþega eftir búsetu eðlilega verulega frábrugðin því sem er hjá flugfarþegum. Þannig er yfir helmingur Norrænufarþega búsettur í Mið-Evrópu, flestir í Þýskalandi en einnig í Póllandi, Sviss, Austurríki og víðar. Þá eru að jafnaði 20-25% Norrænufarþega búsettir á Norðurlöndunum, flestir í Danmörku og Færeyjum, 10-12% í Suður-Evrópu, flestir í Frakklandi og um 10% í Benelux löndunum. Einungis um 2% eru frá Bretlandseyjum og um 5% annar staðar frá, einkum Austur-Evrópu. Hvað flugfarþega snertir koma flestir sumargestir til Íslands frá Norður-Ameríku, síðan frá Mið-Evrópu, þá Suður-Evrópu en færri frá Norðurlöndunum, Bretlandi, Asíu og Benelux löndunum.

UPPLÝSINGAÖFLUN FYRIR FERÐ


Spurning: Hvar aflaðir þú þér upplýsinga um Ísland fyrir ferð?

Á mynd 22 má sjá samanburð á því hvar Norrænufarþegar og flugfarþegar á Íslandi sumarið 2015 leituðu sér upplýsinga um Ísland. Þannig fengu farþegar með Norrænu helst upplýsingar í ferðahandbókum um Ísland (79%) en flugfarþegar síður (51%). Um tveir þriðju beggja hópa öfluðu upplýsinga á netinu (67-68%) en síðan hjá vinum/ ættingjum (38-42%).




Mynd 22: Hvar aflað upplýsinga um Ísland fyrir ferð 2015

Mynd 23 sýnir að öll viðmiðunarárin frá 1996 til 2025, nema árið 1996, nýttu 73-79% Norrænufarþega ferðahandbækur til að fá upplýsingar um Ísland, en 51-66% flugfarþega.




Mynd 23: Upplýsinga aflað í ferðahandbókum 1996-2025

Árið 1996 nýttu aðeins 6-7% beggja hópa sér Internetið til að fá upplýsingar um Ísland (Mynd 24). Það hlutfall var 55-58% árið 2003, 73-75% árið 2009, 67-68% árið 2015 og 74% hjá Norrænu-farþegum árið 2025. Þannig nýttu hóparnir sér netið í svipuðu hlutfalli.



Mynd 24: Upplýsinga aflað á internetinu 1996-2025

Að jafnaði nýttu nálægt 40% Norrænu-farþega og um 35% flugfarþega sér upplýsingar frá vinum eða ættingjum fyrir ferðina til Íslands (Mynd 25).




Mynd 25: Upplýsinga aflað hjá vinum/ættingjum 1996-2025

ENDURKOMUGESTIR

Spurning: Hefur þú komið áður til Íslands?

Mynd 29 sýnir glögg að það er mun líklegra að Norrænu-farþegar hafi komið áður til Íslands en flugfarþegar. Af þeim fjórum viðmiðunarárum sem skoðuð voru höfðu að jafnaði 29% Norrænu-farþega komið áður til Íslands en 17% flugfarþega.




Mynd 26: Hlutfall þeirra sem höfðu komið áður til Íslands 1996-2025. Tölur um flugfarþega 2025 eru fengnar frá landamæraökönnun (Ferðamálastofa, 2026)

MEÐALDVÖL Á ÍSLANDI

Spurning: Hvað dvaldir þú í margar nætur á Íslandi?

Norrænu-farþegar dvelja að jafnaði um 80% lengur á Íslandi en erlendir ferðamenn sem koma til landsins með flugi (Mynd 27). Þannig dvöldu Norrænu-farþegar að jafnaði 16 til 21 nótt á Íslandi á fimm viðmiðunarárum 1996-2025 (meðaltal 18 nætur) en flugfarþegar að jafnaði 9 til 12 nætur (meðaltal 10 nætur).




Mynd 27: Meðaldvöl á Íslandi 1996-2025. Tölur um dvalarlengd flugfarþega 2025 eru fengnar frá landamærakönnun (Ferðamálastofa, 2026)

FERÐAMYNSTUR Á ÍSLANDI

Spurning: Merktu við þau svæði sem þú heimsóttir á ferðalagi þínu um landið (Kort af Íslandi).

Næsta mynd sýnir vel muninn á ferðamynstri Norrænufarþega og flugfarþega á ferð þeirra um 18 landshluta á Íslandi sumarið 2015. Þannig dreifast ferjufarþegarnir mun betur um landið og um vegakerfið en flugfarþegar. Þar má nefna að um 82% Norrænufarþega fóru allan hringveginn sumarið 2015 en aðeins 39% flugfarþega.


Niðurstöður kannana RRF sýna einnig að Norrænufarþegar eru 2-3 sinnum líklegri til að fara í Dali, Barðastrandarsýslur, Ísafjarðarsýslur og um Strandir og einnig um svæði Norðurlands og austur í Múlasýslur. Einu landshlutarnir sem flugfarþegar heimsóttu hlutfallslega meira sumarið 2015 eru Suðurnes og höfuðborgarsvæðið og þá voru þeir ekki langt á eftir Norrænugestum á Snæfellsnesi og í Árnessýslu. Þannig má segja að ferðamenn með Norrænu séu landsbyggðarvænni en flugfarþegar.



Mynd 28: Komur eftir landshlutum sumar 2015

KOMUR Á SUÐURHLUTA VESTFJARÐA OG NORÐAUSTURHORNÍÐ

Komur Norrænufarþega og flugfarþega á suðurhluta Vestfjarða og norðaustur hornið voru sérstaklega skoðaðar fyrir sumarið 2015 (Mynd 29). Jafnframt er Ísafjörður hafður með til samanburðar við komur á Suður-Vestfirði. Hér voru Norrænufarþegar um tvöfalt líklegri til að heimsækja suðurhluta Vestfjarða og um sex sinnum líklegri til að koma á norðaustur hornið en flugfarþegar.




Mynd 29: Komur á suðurhluta Vestfjarða og norðausturhornið sumar 2015

Þessi munur var áþekkur í Dear Visitors könnun RRF sumarið 2009 þegar 22% Norrænufarþegar heimsóttu suðurhluta Vestfjarða og 19% norðausturhornið á móti en 6,5% (suðursvæði Vestfjarða) og 2,5% (norðaustur hornið) erlendra ferðamanna með flugi. Þá má geta þess að samkvæmt Dear Visitors könnuninni sumarið 2025 komu nálægt 30% svarenda með Norrænu á þessi jaðarsvæði.

Þá má geta þess að niðurstöður úr Dear Visitors könnunum RRF sýna einnig að Norrænufarþegar eru margfalt líklegri en ferðamenn með flugi að heimsækja hálendið norðan Vatnsjökuls, s.s. Öskju og Herðubreiðarlindir, enda oft á vel útbúnum bílum til þess.

Á mynd 30 má sjá samanburð á komum Norrænufarþega og flugfarþega á suðurhluta Vestfjarða og norðaustur hornið sumarið 2015 miðað við 6 staði á landinu, þ.e. Reykjavík, Snæfellsnes, Húsavík, Höfn í Hornafirði, Jökulsárlón og Dyrhólaey.



Mynd 30: Komur á suðurhluta Vestfjarða, norðausturhornið og viðmiðunarstaði sumar 2015


Af þessum 8 stöðum komu bæði Norrænufarþegar (18-18,5%) og ferðamenn með flugi (9,5% og 3%) áberandi síst á suðurhluta Vestfjarða og norðausturhornið. Af viðmiðunarstöðunum komu Norrænufarþegar helst til Reykjavíkur (81%) en síðan að Höfn (75%) og Jökulsárlóni (69%), þá að Húsavík (55%) eða á Snæfellsnes (45%) en síst í Dyrhólaey (36%). Ferðamenn með flugi komu nær allir til Reykjavíkur (98%) en síðan að Jökulsárlóni (50%), þá á Snæfellsnes (39%) og að Höfn (35%) en síst að Dyrhólaey (26%). Þannig komu Norrænufarþegar frekar á alla viðmiðunarstaðina nema Reykjavík og rúmlega tvöfalt frekar að Höfn og Húsavík.

FARARTÆKI OG AKSTUR Á ÍSLANDI

Spurning: Hvaða ferðamáta notaðir þú á Íslandi? Hvað ókst þú marga kílómetra á eigin bíl/bíllaleigubíl?

Í Dear Visitors könnunum RRF frá 1996 til 2025 hafa 80-85% Norrænufarþega verið á eigin farartæki, langflestir á bíl en sumir á mótorhjól, en aðrir í hópferð. Árið 1996 nýttu aðeins 23% flugfarþega sér bíllaleigubíl en um 50% voru í skipulagðri hópferð. Hlutfall flugfarþega sem nýtti sér bíllaleigubíla að sumarlagi fór yfir 40% árið 2003 og hefur á síðustu árum verið vel yfir 60% (aðeins um fjórðungur í skipulagðri hópferð (RRF og Ferðamálastofa)

Þegar litið er á heildarakstur erlendra sumarferðamanna á eigin bílum annars vegar og erlendra flugfarþega á bíllaleigubílum hins vegar má sjá að Norrænufarþegar aka að jafnaði rúmlega 3.000 km í Íslandsferðinni en flugfarþegar rúmlega 2.000 km (Mynd 31).




Mynd 31: Akstur á Íslandi 2009-2025

Þetta þýðir að Norrænufarþegar á eigin bíl aka að jafnaði um 180 km á dag í Íslandsferðinni en flugfarþegar á bíllaleigubílum um 200 km (Norrænufarþegar að jafnaði með 80% lengri dvöl á Íslandi).

ÁLIT Á VEGUM OG MERKINGUM VIÐ VEGI

Spurning: Er ástand eftirfarandi þátta á Íslandi betra, svipað eða verra en þú bjóst við?


Á mynd 32 má sjá samanburð á afstöðu farþega með Norrænu og flugfarþega til ástands vega á Íslandi árin 1996, 2003 og 2015. Munurinn á hópunum er fremur lítill en vel má merkja aukna ánægju þeirra beggja með vegakerfið. Þannig töldu 25-32% svarenda árið 1996 að vegirnir væru verri en þeir bjuggust við, en árið 2015 var það hlutfall komið niður í 6-7%.



Mynd 32: Álit á ástandi vega 1996-2015

Afstaða farþega með Norrænu og flugfarþega til merkinga á vegum landsins árin 1996, 2003 og 2015 hefur fremur lítið breyst á þessu árabili (Mynd 33). Um 30-45% álíta merkingar betri en þeir bjuggust við, 44-60% að þær væru svipaðar en 9-12% að þær væru

verri en við var búist. Árin 2003 og 2015 voru Norrænufarþegar heldur ánægðari með merkingar við vegi en flugfarþegar.



Mynd 33: Álit á merkingum við vegi 1996-2015

UMRÆÐUR

Niðurstöður könnunarinnar meðal Norrænufarþega sumarið 2025 og fyrri Dear Visitors rannsókna RRF síðustu 30 árin (1996-2025) staðfesta að ferðamenn sem koma til landsins með Norrænu eru almennt vel undirbúnir. Þeir nýta tímann til að fara víða um Ísland og heimsækja fjölbreytt svæði. Meðaldvalarlengd þeirra á Íslandi er um tvöfalt lengri (18-20 nætur) en sumarferðamanna með flugi (9 nætur). Langflestir ferðast á eigin vegum, gista mikið á tjaldsvæðum og hafa eigið farartæki til umræða, sem gefur þeim aukinn sveigjanleika í ferðalagi. Þeir eru ekki bundnir skilmálum bílaleiga eða daggjöldum, sem getur stuðlað að lengri dvöl og meiri hreyfanleika. Þannig sýna rannsóknir RRF að Norrænufarþegar á eigin bíl aka að jafnaði um 3.000 km í Íslandsferðinni en flugfarþegar á bílaleigubíl um 2.000 km.



Mynd 38: Frá Seyðisfirði

Norrænufarþegar heimsækja mun frekar en flugfarþegar afskekktari staði á landinu. Þannig sýnir könnunin frá 2025 og eldri rannsóknir að Norrænufarþegar eru um tvisvar sinnum líklegri en sumarferðamenn með flugi að heimsækja suðurhluta Vestfjarða (s.s. Látrabjarg og þorp á því svæði) og 5-6 sinnum líklegri til að fara um norðausturhorn landsins (Kópasker, Raufarhöfn, Þórshöfn). Einu landshlutarnir sem þeir fara minna um en flugfarþegar er höfuðborgarsvæðið og Reykjanes.

Þá er það athyglisvert að 31% Norrænufarþega sumarið 2025 höfðu komið áður til Íslands en 19% flugfarþega (Ferðamálastofa, 2026). Þessi mikli munur á endurkomu hópanna er staðfestur í fyrri rannsóknum RRF.

Áhugavert er að sjá hve ferðabækur gegna enn mikilvægu hlutverki við upplýsingaöflun fyrir Íslandsferðina hjá Norrænufarþegum en síður hjá flugfarþegum. Lítil munur er hins vegar á hópunum hvað varðar upplýsingaöflun á netinu eða hjá vinum/ættingjum.

Þegar bornar eru saman niðurstöður rannsókna RRF árin 1996, 2003, og 2015 kemur í ljós að ferðamenn telja að ástand vega á Íslandi hafi batnað jafnt og þétt, og er þar lítil munur á afstöðu Norrænufarþega og flugfarþega. Þannig töldu 22% ferðamanna sumarið 1996 að ástand vega á Íslandi væri betra en þeir bjuggust við, 31-33% töldu svo vera sumarið 2003 og 36-38% sumarið 2015. Hins vegar töldu 25-32% ástand vega verra en þeir bjuggust við sumarið 1996 en aðeins 6-7% sumarið 2015. Um helmingur svarenda öll árin töldu ástand veganna svipað og þeir bjuggust við. Álit á merkingum við vegi hefur hins vegar breyst lítið á þessu árabili, 30-45% töldu það betra en búist var við, 9-12% verra en 44-60% svipað.

Hringvegurinn gegnir lykilhlutverki í ferðalagi Norrænufarþega um Ísland. Þannig fóru 72% svarenda sumarið 2025 allan hringinn og 28% stóran eða nokkurn hluta hans. Á móti fara um 30% erlendra flugfarþega allan hringinn. Upplifun Norrænufarþega 2025 af hringveginum var almennt mjög jákvæð, með meðaleinkunn 8,1 af 10 mögulegum. Gullni hringurinn er þekktasta ferðamannaleiðin sem um var spurt. Um 87% svarenda 2025 þekktu hana og um 40% höfðu farið alla leiðina. Eldfjallaleiðin og Norðurstrandaleiðin eru síður þekktar, en engu að síður hafði verulegur hluti svarenda ferðast um stóran hluta þeirra og það sama á við um Vestfjarðaleiðina.

Fyrri rannsóknir RMF benda til þess að ferðamannaleiðir sem þessar hafi bæði efnahagslegt og samfélagslegt gildi fyrir dreifbýli, en ávinningur þeirra er háður góðu vegakerfi og aðgengi ferðamanna. Bætt vegaaðgengi út fyrir alfaraleið eykur líkur á verðmætasköpun fyrir ferðaþjónustu og samfélög í kring (Ása Marta Sveinsdóttir og Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2023; Þórný Barðadóttir, 2025a; Þórný Barðadóttir, 2025b). Gæði yfirborðs vega er þar engin undantekning. Eins og fram kom í könnuninni töldu flestir svarendur mikilvægt að draga úr malarvegum á íslenskum vegum. Fyrri rannsóknir hafa einnig sýnt að óstöðugt yfirborð íslenskra malarvega getur virkað fráhrindandi, valdið hættum og vakið ótta ferðamanna (Þórný Barðadóttir, 2025a).

Því er mikilvægt að halda vegum í góðu ástandi fyrir bæði ferðaþjónustu og samfélög í dreifbýli. Vegagerðin er hins vegar bundin af fjárhagslegum skorðum hvað varðar viðhald og nýbyggingar á leiðum utan helstu þjóðvega (Ása Marta Sveinsdóttir og Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2023; Þórný Barðadóttir, 2025a). Mikilvægt er að halda áfram rannsóknum á þessu sviði til að sýna fram á nauðsyn þess að halda vegakerfinu í góðu lagi.

Rétt er að hafa í huga að fjöldi svara í könnuninni 2025 var tiltölulega lítill, sem dregur úr möguleikum til víðtækrar greiningar. Upphaflega markmiðið var að ná um 300 svörum í 2-3 skiptum. Sökum þess að styrkur fékkst til um 2/3 af áætluðum kostnaði við verkefnið var ákveðið að minnka úrtakið. Höfundar skýrslunnar telja því mikilvægt að framkvæma fljótlega stærri rannsókn meðal Norrænufarþega á Íslandi til að greina enn betur vægi þessa hóps, nýtingu á ferðamannaleiðum, og nánari samanburð við flugfarþega. Slík gögn geta styrkt mál ferðaþjónustuaðila og samfélaga þegar kemur að því að þrýsta á stjórnvöld um aukið fjármagn til viðhalds og uppbyggingar.

HEIMILDASKRÁ

Ása Marta Sveinsdóttir & Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2024). „*Erfiðir vegir til að viðhalda og lagast ekki við aukna umferð*”: Athugun á hlutverki Vegagerðarinnar í ferðaþjónustu. Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Ferðamálastofa. (2026). Erlendir ferðamenn á Íslandi – Samsetning, ferðahegðun og upplifun. Sótt af <https://www.ferdamalastofa.is/is/rannsoknir/ferdavenjur-erlendra-ferdamanna/ferdamenn-a-islandi-2025>

Guðmundur Sæmundsson (1988). „*Norræna – nútíma farkostur*”. Morgunblaðið 19. nóvember 1988.

„*Mikill viðbúnaður vegna komu Smyrils*”. Tíminn 17. júní 1975.

Rögnvaldur Guðmundsson (1996-2015). „*Dear Visitors kannanir RRF 1996-2015*”. Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar (RRF).

Þorvaldur Jóhannsson (2025). „*Ferjusiglingar milli Íslands og Færeyja í 50 ár*”. Samantekt unnin í tilefni 50 ára afmælis ferjusiglingas til Seyðisfjarðar.

Þórný Barðadóttir. (2025a). „*Vondur vegur en viðsýnið frábært*”. Áhrif ferðamannaleiða og ástands vegakerfis á leiðir ferðamanna um dreifðar byggðir. Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Þórný Barðadóttir. (2025b). „*Bara gangi öllum vel*”. Aðkoma og sýn heimafólks á uppbyggingu ferðaþjónustu og nýrra ferðamannaleiða um fámenn svæði. Rannsóknamiðstöð ferðamála.